

## 6. gr.

VélaVinna, áhaldakaup, verkstjórn og annan tilfallandi kostnað, er leiðir af framkvæmd þessara laga, greiðist úr ríkissjóði, og verði tekin upp sérstök fjárveiting í þessu skyni.

## 7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 58/1974, um landgræðslustörf skólafólks, og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 5. júní 1975.*

**Vilhjálmur Hjálmarsson.**

*Birgir Thorlacius.*

18. júní 1975.

Nr. 277.

## AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvalda-erinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1. Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufél.	kr. 3 500.00
2. Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma .....	— 1 100.00
3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði .....	— 1 100.00
4. Fyrir tilkynningu um breyt. á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breyt. á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	— 1 100.00
5. Fyrir tilkynningu um, að hlutafélag eða firma sé hætt störfum	— 200.00
6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar .....	— 1 600.00
7. Fyrir fjármark .....	— 350.00
8 Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross .	— 200.00
9. Fyrir innköllun, þrjár birtingar .....	— 1 700.00
10. Fyrir auglýsingu um skiptafund .....	— 700.00
11. Fyrir einkaleyfisumsókn .....	— 700.00
12. Fyrir ógildingarstefnu .....	— 1 700.00
13. Fyrir dómsbirtingu .....	— 1 700.00
14. Fyrir tilkynningu um iðjuleyfi .....	— 500.00

Annað efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með 150 krónum fyrir hvern dálkssentimetra.

Myndamót, sem nota þarf við prentun auglýsinga, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. ágúst 1975. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 40 4. janúar 1974, um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 18. júní 1975.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Jón Thors.*

B 68